

23. stjórnarfundur; símafundur haldinn 16. desember 2009 kl. 8:30.

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ólöf Ýrr Atladóttir, Þórunn Pétursdóttir og Þórður H. Ólafsson.
Boðuð forföll: Magnús Tumi Guðmundsson.

1. Samþykkt dagskrár

- Samþykkt

2. Stjórnunar- og verndaráætlun/atvinnustefna í tengslum við Vatnajökulshjóðgarð

Ráðgjafastofan Alta ehf. kynnti ný drög að „Stefnumótun; markmið og leiðarljós.“ Lögð var áhersla á að skjalið sé enn á vinnslustigi og því ekki fullgert skjal.

- Stjórnin mun nú fara yfir skjalið og senda Alta sínar athugasemdir, sem mun vinna skjalið áfram og koma með nýja útgáfu í næstu viku
- Stefnt að því að sem fyrst verði búið til sameiginlegt efnisyfirlit fyrir bæði verndarhlutann og stjórnunarhlutann.
- Stefnt er á að *Stjórnunar- og verndaráætlunin* verði tilbúin eigi síðar en 7. júní 2010.

3. Samþykki fundargerðar 21. og 22. Stjórnarfunda; 29. sept. og 22. okt. 2009.

- Bíður næsta fundar

4. Framvinda frumvarps til fjárlaga 2010

Inn í 2. umræðu fjárlaga 2010 kom leiðrétting á rekstrargrunni stofnunarinnar, sem ásamt líklegri aukningu sértekna ætti að skapa viðunandi rekstrargrunn árið 2010. Taka þarf tillit til þess að áfram er gerð krafa um hagræðingu í rekstri á árinu 2010 eins og hjá öðrum stofnunum ríkisins. Í fjárlagafrumvarpinu er framkvæmdaliður stofnunarinnar lækkaður um ríflega 30 m.kr, sem mæta þarf með hagræðingu og hliðrun framkvæmda.

5. Rekstrarmál 2009

Rekstraráætlun 2009. Ekkert bendir til annars en rekstrarniðurstaða ársins verði innan þess rekstrarramma, sem lagt var upp með í byrjun ársins. Sértekjur verða nokkru hærri en gert var ráð fyrir og útgjöld hafa einnig hækkað frá fyrstu áætlun.

6. Framkvæmdir 2009

- Gestastofa á Skriðuklaustri
Ekkert annað hefur komið fram en að verkinu ljúki innan þess tímaramma sem lagt var upp með í upphafi verks og að gestastofan verði opnuð í júní 2010.
Verið er að vinna að undirbúningi sýningar sem sett verður upp í gestastofunni og opnuð verður samtímis opnun hennar.
- Blágil
Samið hefur verið við verktakann sem vann jarðvinnu og sökkla nú á haustdögum um næsta áfanga, sem er húsið tilbúið undir innréttingu.

7. Önnur mál

- Fyrir fundinum lá bréf með beiðni um lengdan frest á skilum verndaráætlunar
 - Ákveðið var að veita tímafrest á skilum til loka janúar n.k.
- Stækkun þjóðgarðs á Vestursvæði
Umhverfissráðuneytið hefur boðað til samráðsfundar með sveitarstjórn 20. janúar n.k. á Kirkjubæjarklaustri.
- Deiliskipulag í Skaftafelli
Kynnt var (ÞHÓ) að Arkitektastofan Gláma Kím hefur skilað af sér fyrstu hugmyndum um nýtt deiliskipulag fyrir Skaftafell.
 - Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfundi.
- Hitaveita í Skaftafelli
Kynnt var (ÞHÓ) að unnin hefur verið ráðgjöf um mögulega hitaveitu í Skaftafelli svo og hafa verið skoðaðir möguleikar á að tengja þá hitaveitu áfram austur í Freysnes og Svínafell.
 - Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfundi.
- Heimasíða
Ritnefnd hefur unnið skjal sem notað verður sem grunnur að tillögum um lagfæringar á heimasíðunni.
 - Samþykkt að Hugsmiðjan ehf. vinni hluta vinnunnar og starfsmaður þjóðgarðsins; Guðmundur Ögmundsson, vinni verkið f.h. þjóðgarðsins í samvinnu við ritnefnd og framkvæmdastjóra.
- Bréf frá landvörðum
Fyrir fundinum lá bréf dags. 25. nóv. s.l. til stjórnar frá tilteknum fjölda landvarða sem unnu hjá þjóðgarðinum á nýliðnu sumri. Athugasemd er gerð við að landvörðum hafi ekki verið boðið til vinnufundar um stefnumótun, sem haldinn var í Reykjavík 17. nóvember s.l.

- Landvörðum verði boðin þátttaka í þeirri umfjöllun um stefnumótun þjóðarðsins, sem nú er að fara í gang á hverju rekstrarsvæði fyrir sig og verður stýrt af formönnum svæðisráða.
- Fyrirspurn um fjármögnun vinnu jarðfræðisérfræðings (EBB)
Við gerð verndaráætlunarinnar hefur verið leitað til jarðfræðisérfræðinga, sem hafa fengið greitt fyrir þá vinnu.
- Fyrirspurn um úrbætur við Skólpu í Kverkfjöllum (EBB)
 - Þjóðgarðurinn styður viðleitni um aðkomu Vegagerðar að lafæringu á ræsi í ánni Skólpu í Kverkfjöllum. Framkvæmdasjóri er reiðubúinn að taka málið upp við Vegagerð ríkisins ef beðið yrði um.

Fundi slitið kl.11.
311209 ÞHÓ